

29. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 2. júní 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Sigurður Sigurjónsson, Bogi Pétur Eiríksson sem varamaður Elsu Ingjaldsdóttur, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið var til dagskrár:

1. Sameiginleg vatnsveita Uppsveita.

Lögð var fram fundargerð vinnuhóps vegna könnunar á sameiginlegri vatnsveitu Uppsveita og Flóa frá 14. maí s.l. ásamt minnisblaði vegna kostnaðargreiningar. Í kostnaðargreiningunni er gert ráð fyrir að Hrunamannahreppur taki hlutfallslegan þátt í kostnaði við stofnlögn frá Fljótsbotnum að Felli sem miðaðist við 25 l/s en sveitarfélagið myndi síðan sjálft reka og kosta lögn frá Felli að Flúðum. Miðað við þær forsendur er áætlað að kostnaður Hrunamannahrepps gæti verið um 180 millj. vegna stofnlagningarinnar.

Veitustjórn samþykkir að sveitarfélagið taki áframhaldandi þátt í verkefninu.

2. Útboð vegna lagningu á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum og gatna- og lagnaframkvæmdir í Garðastíg.

Lögð var fram fundargerð um niðurstöðu útboðs í verkið „Kópsvatn-Garðastígur“ þar sem þrjár aðilar gerðu tilboð í verkið. Klapparverk kr. 148.765.100, Gröfutækni kr. 105.299.000 og Árni ehf kr. 116.889.850 en kostnaðaráætlun EFLU var kr. 157.604.000.

Veitustjórn leggur til að gengið verði til samninga við Gröfutækni um verkið.

3. Útboð vegna vatnstanks í Berghylsfjalli.

Lögð var fram fundargerð um niðurstaðu útboðs í verkið „Miðlunartankur Berghylsfjalli“ þar sem fjórir aðilar gerðu tilboð í verkið. Landstólpi ehf kr. 66.618.964, Próbygg ehf, kr. 88.067.313, Selásbyggingar ehf, kr. 64.597.038 og Tré og saumur ehf, kr. 74.883.662 en kostnaðaráætlun EFLU var kr. 73.712.780.

Veitustjórn leggur til að gengið verði til samninga við Selásbyggingar um verkið.

4. Flúðaorka ehf. Forkaupsréttur.

Fyrir liggur yfirlýsing varðandi forkaupsrétt Hrunamannahrepps vegna sölu Varmaorku ehf á 421.053 hlutum þeirra í Flúðaorku ehf til Baseload Power Iceland. Heildarhlutfé Flúðaorku er 526.316 og þar af er hlutur Hrunamannahrepps 26.316.

Veitustjórn leggur til að fallið sé frá forkaupsrétti.

5. Skoðunarferð.

Frestað var fyrirhugaðri skoðunarferð til næsta veitustjórnarfundar.

Gbv

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:20.